



Fundargerð

Verkefni	NAL og KRA - Sjálfbærni-verkefnið		
Markmið fundar	1. Fundur stýrihóps.	Verkefnisnúmer	2013-169
Fundarstjóri	Jóna Bjarnadóttir	Fundarritari	JB
Pátttakendur	Kristján Þór Magnússon, Norðurþing (KPM) Jón Óskar Pétursson, Skútustaðahreppur(JÓP) Dagbjört Jónsdóttir (DJ) Hjalti Jóhannesson (HJ) Steinn Á. Steinsson (SÁS)	Dags. fundar	12.5.2015
Forfallaðir	-	Frá kl.	10.00
Dreifing	Fundarmenn og Helena hjá Þekkinganeti.	Til kl.	12.00

Umræður

1. Dagskrá (sjá einnig glæsur 2015-05-12-NAL-Sjálfbærni-verkefni stýrihópur 1 fundur) :

Stýrihópur og skipurit verkefnis
Markmið verkefnis
Umsjón með verkefni
Verkátun – næstu 12 mánuði.
Önnur mál

2. Stýrihópur og skipurit verkefnis

Farið var yfir söguverkefnisins fram til þessa í stuttu máli og myndun stýrihóps fyrir endurvakið verkefni en í stýrihópi áttu áður fulltrúa sveitarfélögin Þrjú(2), eigendur (2) (Landsvirkjun, Landsnet og Alcoa), Landvernd (1).

Landvernd ákvað að taka ekki þátt áfram og fram kom að þeir hafa einnig óskað eftir að hætta í stýrihópi systurverkefnis á Austurlandi. Rætt var um mikilvægi þess að við samráð verði hugað að aðkomu fulltrúa náttúruverndarsjónarmiða og að fá náttúruverndarsamtök að borðinu á einhverju stigi.

Skipurit sem sett er fram í verkátun sem unnin var af Þekkinganeti Þingeyinga var samþykkt (sjá glæsur). Fulltrúar í stýrihópi eru nú (vægi hópa er í sviga):

- Landsvirkjun/Eigandi (2)
 - Jóna Bjarnadóttir
 - Steinn Á. Steinsson
- Sveitarfélög (2)
 - Dagbjört Jónsdóttir
 - Jón Óskar Pétursson
 - Kristján Þór Magnússon
- Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri/Óháður aðili (1)
 - Hjalti Jóhannesson



3. Markmið verkefnis

Sett var fram tillaga að markmiðum fyrir stýrihóp að vinna eftir, byggt á markmiðum sem voru sett fram á fyrri stigum.

- Fanga væntingar og áhyggjur vegna fyrirhugaðra framkvæmda og reksturs.
- Móta mælanlega vísa sem sýna þróun samfélags-, umhverfis- og efnahagslegra þátta.
- Fylgjast með þróun samfélags-, umhverfis- og efnahagsvísa.
- Byggja upp þekkingu og gagnagrunn sem leiðir til bættrar ákvarðanatöku.

Fram kom að þessi markmið væru góð og gild áfram sem leiðarvísir í gegnum komandi vinnu. En að mikið vatn hefði runnið til sjávar á síðustu árum á meðan verkefnið hefur legið í dvala. Mikilvægt var talið að taka stöðuna aftur á „væntingum og áhyggjum“ þar sem framkvæmdir væru nú í minni skala en voru í umræðunni 2009 og 2010. Þekking og vitund er orðin meiri á meðal almennings og umræður um háspennulínur og iðnað mikið í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

4. Umsjón með verkefni

Samþykkt var samhljóða að Landvirkjun/JB myndi gera samning við Þekkinganet Þingeyinga um umsjón með verkefninu. JB haldi utanum verkefni fyrirhönd stýrihóps en verkefnastjóri yrði Helena E. Ingólfssdóttir hjá Þekkinganetinu. Helstu verkefni verði:

- Verkefnisstjórn, framkvæmd og utanumhald
 - Leiðir vinnu við mótun vísa
 - Leitar samráðs við sérfræðinga
 - Undirbýr samráðsfundi (faghópar og hagsmunaaðilar/íbúar)
 - Undirbýr gögn fyrir rýni stýrihóps
 - Boðar fundi stýrihóps, heldur fundargerðir

5. Verkáætlun – næstu 12 mánuði.

Eftirfarandi rammi fyrir verkefni næstu 12. mánaða var samþykktur og lögð áhersla á að í samráði um vísa verði samtvinnað að fanga væntingar og áhyggjur til að taka stöðuna á samfélaginu „í dag“.

- **Greining** fyrirleggjandi gagna – tillaga að vísu og forgangsröðun
 - Stýrt af umsjónaraðila sem vinnur í samráði við sérfræðinga
- **Samráð** um val á vísu og „væntingar og áhyggjur“ (hefst haust 2015)
 - Faghópar
 - Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar
- **Ákvörðun** um vísa (vor 2016)
 - Stýrihópur

6. Önnur mál

Nafn á verkefnið

Fulltrúum stýrihóps finnst mikilvægt að finna yfirskrift á verkefnið sem fangar tilgang þess á auðskilinn hátt þannig að það nái athygli fólks og vekji áhuga á þátttöku. Sjálfbæriverkefni á Norðurlandi gæti komið í undirtitil. Spurning um „branding“. Verkefni fyrir næsta fund að hugleiða.



Umræður

Huga þarf að því að mæla ekki bara hreyfingu heldur einnig stofn sem hreyfing er á. Reyna að mæla sjálfbærni.

Rætt var um mótun vísa og hvaða sögu þeir muni segja. Samstaða var um að gefa sér góðan tíma í val á vísum og samráð. Hafa vel ígrundaða, en stefnt á tillögu vor 2016.

Meðal annars var nefnt að huga að vísum sem mæla: Þátttaka í samfélagi, atvinnusamsetning, fjölbreytni í atvinnutækifærum.

Huga þarf að því að kannski er eitthvað af gögnum sem þarf að nálgast með könnunum, þ.e. liggja ekki fyrir. En mikið af gögnum er til víða sem vert er að nýta.

Rætt var um væntingar og áskoranir fyrir samfélagið tengt komandi uppbyggingu á Bakka m.a. móttöku á nýjum íbúum.

Rætt var um að virkja ungarfólkið og ná fram þeirra sjónarmiðum. T.d. hafa vinnustofu í framhaldsskólum á svæðinu. Aðrir hópar t.d. eldri borgarar. Fara til fólksins frekar en að gera ráð fyrir „allir“ hópar mæti á opna auglýsta fundi

PCC. Rætt var um aðkomu þeirra að verkefninu ef þeir koma með starfsemi á Bakka og hafa áhuga. Kristján heyrir í Snæbirni verkefnistjóra þess vernefnis hjá Norðurþingi.

Umræður sköpuðust um auðlindir á svæðinu og hvort hægt væri að stuðla að betri nýtingu auðlinda jarðhitasvæðanna – sambærilegt að gert er á Reykjanesi.

Fá fleiri en færri aðila að uppbyggingu á svæðinu – reyna að ná fram stemmingu fyrir því í sveitarfélögunum og að allir þurfi að gera átt samtal saman. Það vanti fólk til að byggja upp og nýta umfram orku.

Fram kom að Landsvirkjun vinnur að innviðagreiningu tengt rekstri og frekari uppbyggingu á sínum svæðum.

Samþykktir/verkefni	Ábm.	Athugasemdir	Dags. lokið
1. JB semji við Þekkinganet Þingeyinga.	JB		1.6.2015
2. Meðlimir stýrihóps hugi að nafni á verkefnið.			